

## SAMANTEKT

### Varðandi flýtifé á verkframkvæmdir í Bjarkarlandi

Í ljósi aðstæðna hefur komið til skoðunar að óska eftir að verktakinn Gröfutékní ehf. flýti skilum á verkinu Bjarkarland, gatnagerð og lagnir, 1. áfangi. Samkvæmt verksamningi sem undirritaður var í október 2019, en fyrirhugaður tími á lokum heildarverks var áætlaður þann 1. júlí 2021. Tillaga sveitarfélagsins væri að flýta framkvæmdum á þann veginn að hægt sé að úthluta 10 lóðum við Móstekk n.t.t nr.1-51 mun fyrir en áætlað var. Þessar lóðir yrðu þá klárar fyrir byggingaraðila 01.10.2020, og væru lóðirnar þá samkvæmt skilalýsingu afhentar í því ástandi sem sérstök skilalýsing segir til um og fjallað væri um í sérstökum samningi um flýtiféð. Af þessu myndi jafnframt leiða að tekjur gatnagerðargjöld vegna þessara lóða væru þá greidd fyrir en áætlað hafði verið, en um er að ræða tekjur upp á ca. 140 milljónir í gatnagerðargjöld fyrir utan tengigjöld veitna.

Sökum samdráttar hjá verktökum á svæðinu í kjölfar heimsfaraldurs og vegna efnahagsþrenginga þeim tengdum stendur vilji sveitarfélagsins Árborgar til þess að freista þess að hraða uppbyggingu í Bjarkarlandi svo að unnt sé að hefja framkvæmdir á einstökum lóðum. Væri slík aðgerð til þess fólgin að veita verktökum á svæðinu kröftugri viðspyrnu í núverandi ástandi og myndi jafnframt hafa í för með sér afleidd áhrif á efnahag ýmissa fyrirtækja í sveitarfélaginu.

Í fyrirbyggjandi verksamningi sem byggir á útboðsgögnum vegna verksins er ekki kveðið á um greiðslur vegna skila fyrir en verkáætlun gerir ráð fyrir, þ.e. svokallaðs flýtifés. Engu að síður er það tillaga sveitarfélagsins að kalla eftir samkomulagi við verktakann um hraðari skil verksins gegn greiðslu flýtifjár.

Heimildin til þeirrar greiðslu byggir á e. og f. liðum 1. mgr. 90. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup, enda er um að ræða breytingar sem ekki eru verulegar, og nemur verðmæti breytinga minna en viðmiðunarfjárhæðir skv. 1. mgr. 23. gr. kveða á um, og er jafnframt minna en 15% af upphaflegu verðmæti verksamnings. Yfirferð dóma og úrskurða á réttarsviðinu styður þá túlkun að unnt sé að beita þessum stafliðum 1. mgr. 90. gr. laga um opinber innkaup í þessu tilviki, en því skal þó haldið til haga að ekki liggja fyrir fyllilega sambærileg fordæmi.

Verði tekin ákvörðun um að greiða flýtifé með þessum hætti til að tryggja hraðari verklok að hluta þarf að gera sérstakan samning um það viðbótarverk þar sem skilgreint er nákvæmlega hvaða hluti verksins það er sem ber að flýta, og fyrir hvaða tímamark ljúka þurfi verki svo flýtifé verði greitt. Lagt er til í því sambandi að samkomulag yrði um greiðslu flýtifjár þannig að greiddar væru kr. 50.000.- per almanaksdag, og þá í heildina kr. 13.700.000.- miðað við að afhending yrði þann 1. október 2020 í stað 1. júlí 2021. Flýtifé yrði aðeins greitt ef að verklok þessa hluta nást fyrir 1. október 2020. Ekki yrði greitt umfram flýtifé fyrir afhendingu fyrir þann dag, enda þarf að tryggja samfellu í skipulagningu og úthlutun lóða.

Virðingarfyllst,



Sigríður Vilhjálmsdóttir  
lögfræðingur